



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 2. júní 2017

R16050201

Borgarráð

Tindstaðir - Sala lands

Óskað er heimildar borgarráðs til að ganga til samninga við eigendur aðliggjandi jarða að landspildu úr landi Tindstaða um kaup á landspildunni á grundvelli verðmats fasteignasala. Um er að ræða annars vegar Háls og hins vegar Morastaði.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti að selja umrædda landspildu og hefur skrifstofa eigna og atvinnuþróunar farið yfir þá möguleika sem fyrir hendi eru vegna sölu. Erfitt er að nýta landið sjálfstætt nema þá sem hagabeit. Þannig hefur landið verið nýtt að undanfögnu. Það er ljóst að nýta má þetta land betur. Það er hins vegar verðmætt fyrir jarðirnar sitt hvoru megin við að fá tækifæri til að nýta þessa landspildu. Þess vegna er lagt til að fara þá leið sem hér er verið að óska samþykkis fyrir.

Hrólfur Jónsson